

# „Þykir þér í lagi að óvarlega sé farið með fjármuni góðgerðasamtaka?“

Opið bréf Svandísar Nínu til Guðmundar Steingrímssonar

„Í Fréttablaðinu hvetur þú fólk til að kynna sér hlið Bjartar Ólafsdóttur, en hefur ekki gefið þér svo mikið sem tíu mínútur til að ræða við okkur í stjórn Geðhjálpar. Því spyrjum við þig, Guðmundur, hvort það væri ekki bæði sanngjarnt og eðlilegt að þú ræðir við okkur fyrst þú ákvaðst að fjalla um Geðhjálp í fjölmiðlum?“ segir Svandís Nína Jónsdóttir stjórnarmaður í Geðhjálp í opnu bréfi til Guðmunds Steingrímssonar formanns Bjartrar framtíðar.

Bréfið skrifar hún vegna ummæla Guðmunds í Fréttablaðinu síðastliðin laugardag en þá var Guðmundur spurður út í [umfjöllun DV](#) um missætti í stjórn Geðhjálpar í formannstíð Bjartar Ólafsdóttur oddvita flokksins í Reykjavíkurborg norður. Í umfjöllun DV er Björt meðal annars sökuð um að hafa falsað kjörgögn, hafa blekkst stjórn og ráðið vinkonu sína í starf framkvæmdastjóra og smalað fólk inn í samtökin til þess að hljóta kjör til formanns. Í samtali við Fréttablaðið sagði Guðmundur stjórn flokksins ekki myndu aðhafast neitt vegna málsins. „Við í Bjartri framtíð blöndum okkur ekki í þetta, en hvetjum alla til þess að kynna sér hlið Bjartar,“ sagði hann einnig.

„Þykir þér, Guðmundur Steingrímsson, í góðu lagi að góðgerðafélög séu yfirtekin af utanaðkomandi fólk, með fulltingi starfsmanna, í engum sjáanlegum tilgangi öðrum en þeim að marka sér bás á vettvangi stjórnmalanna? Þykir þér einnig í lagi að formenn stjórna góðgerðafélaga blekki meðstjórnendur vísitandi á altari vinavæðingar? Að formaður telji stjórn sinni trú um að starfsmannaráðningar félagsins séu í höndum fagaðila, þegar engin ummerki eða vitnisburður er til staðar um slíkt samstarf? Allt til þess að ráða kunningja til starfa?“ segir í bréfi Svandísar.

„Þykir þér þá einnig í lagi að óvarlega sé farið með fjármuni góðgerðasamtaka, sem að stórum hluta koma úr vasa skattgreiðenda? Ef svo er, ertu ekki maðurinn sem ég hélt að þú værir. Sem er miður. Það virðist vera að þú sért bara enn einn kallinn í pólitík, ekkert öðruvísi, ekkert nýtt við þig,“ segir Svandís einnig í bréfinu.

**Bréfið í heild:**

**Hvaða sögu segir þetta um mig eða þig, Guðmundur?**

**Opið bréf til Guðmundar Steingrímssonar, formanns Bjartrar framtíðar**

Kæri Guðmundur,

Orð þín í Fréttablaðinu sl. laugardag (12.jan) um framgang stjórnar Geðhjálpar í máli sem varðar Björt Ólafsdóttur, voru særandi fyrir okkur í stjórn.

Ásakanir stjórnarinnar á hendur Bjartar hafa ekkert með þig að gera. Né Bjarta framtíð. Það er í sjálfu sér hryggilegt að nýr og efnilegur stjórnmalaflokkur, sem hefur á að skipa góðu fólk, skuli blandast inn í leiðindamál sem þetta. Enda var það aldrei ætlun okkar að draga þig eða félag þína í Bjartri framtíð, inn í okkar deilur. Þú bauðst þér einfaldlega inn í þær sjálfur. Á opinberum vettvangi Fréttablaðsins.

Í Fréttablaðinu er haft eftir þér að ykkur í Bjartri framtíð hafi verið kunnugt um ásakanir stjórnar Geðhjálpar á Björt Ólafsdóttur. Samt segir þú orðrétt í blaðinu „...Björt hefur farið vandlega yfir þetta með okkur og við sjáum nú ekki að í þessu felist mjög þungar ásakanir.“ Hún [Björt] hefur farið fram á að þetta sé allt tekið út skynsamlega og mér finnst öll svör hennar mjög sannfærandi.“ Jafnframt hvetur þú fólk til að kynna sér hlið Bjartar til málsins.

Það var nefnilega það.

Stjórn Geðhjálpar brá eðlilega í brún við lesturinn. Af hverju segi ég það?

Jú, vegna þess að af orðum þínum má einungis ráða tvennt :

- 1) Að Björt sé, að þínu mati, borin röngum sökum af stjórn Geðhjálpar
- 2) Eða þú telur að við séum eitthvað klikk

Því spyr ég, Guðmundur; hvort er það?

### **Eru stjórnarmenn Geðhjálpar vondar manneskjur?**

Ef fyrri fullyrðingin er rétt, að Björt sé borin röngum sökum af stjórn Geðhjálpar, þá hljótum við, stjórnarmenn félagsins, að vera vondar manneskjur. Heiðarlegt og gott fólk kemur ekki fram opinberlega með upplagnar sakir á unga konu, svona af því bara. Þú gerir þér grein fyrir því að við erum venjulegt fólk sem vinnur kauplaust, af hugsjón fyrir góðgerðarfélag?

Við erum þessi almenningur sem þú ætlar að vinna fyrir á þingi næstu árin. Það er væntanlega okkar vegna að þú stofnar stjórnaráflök sem hefur þá stefnu að innleiða ný og kærleiksríkari stjórnámál; sem setur samvinnu og gegnsæi á oddinn. Er það svona sem þú ætlar að vinna fyrir okkur? Með því að ýja að því í fjölmiðlum að málflutningur fólks eins og okkar, sé grunsamlegur?

### **Getur verið að ásakanir okkar á hendur Bjartar séu léttvægar?**

Í Fréttablaðinu sagðir þú að þú teljir ásakanir okkar á hendur Bjartar ekki alvarlegri en svo að þeim þyrfti ekki að gefa nánari gaum. Þrátt fyrir að meirihluti stjórnar hafi samþykki vantraust á Björt vegna vinnubragða hennar og undirferli. Ef það er rétt, hvaða sögu segir það um þig? Bæði sem manneskju og stjórnáflamann?

Þykir þér, Guðmundur Steingrímsson, í góðu lagi að góðgerðafélög séu yfirtekin af utanaðkomandi fólki, með fulltingi starfsmanna, í engum sjáanlegum tilgangi öðrum en þeim að marka sér bás á vettvangi stjórnáflanna? Þykir þér einnig í lagi að formenn stjórna góðgerðafélaga blekki meðstjórnendur vísitandi á altari vinavæðingar? Að formaður telji stjórn sinni trú um að starfsmannaráðningar félagsins séu í höndum fagaðila, þegar engin ummerki eða vitnisburður er til staðar um slíkt samstarf? Allt til þess að ráða kunningja til starfa?

Þykir þér þá einnig í lagi að óvarlega sé farið með fjármuni góðgerðasamtaka, sem að stórum hluta koma úr vasa skattgreiðenda? Ef svo er, ertu ekki maðurinn sem ég hélt að þú værir. Sem er miður. Það virðist vera að þú sért bara enn einn kallinn í pólitík, ekkert öðruvísi, ekkert nýtt við þig.

### **Hví hefur þú ekki kynnt þér málið?**

Í Fréttablaðinu hvetur þú fólk til að kynna sér hlið Bjartar Ólafsdóttur, en hefur ekki gefið þér svo mikið sem tíu mínútur til að ræða við okkur í stjórn Geðhjálpar. Því spyrjum við þig, Guðmundur, hvort það væri ekki bæði sanngjarnt og eðlilegt að þú ræðir við okkur fyrst þú ákvaðst að fjalla um Geðhjálp í fjölmiðlum? Við hljótum öll að vilja að fólk sem sækist eftir setu á alþingi sé heiðarlegt. Ég vona bara að þú hafir ekki keypt köttinn í sekknunum.

Svandís Nína Jónsdóttir